



**110. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 4. mars 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Guðný Margrét Hjaltadóttir varamaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugufrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagsfulltrúi (SJ) sat fundinn undir liðum nr. 7-11.

Dagskrá:

1. 202203147 - Skýrsla framkvæmda- og umhverfismálastjóra

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri fer yfir helstu verkefni líðandi stundar.

Lagt fram til kynningar.

2. 202402192 - Fiskeldissjóður, umsóknir 2024

Fyrir ráðinu liggja gögn vegna umsóknar í Fiskeldissjóð fyrir árið 2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi umsókn í Fiskeldissjóð og vísar málinu til heimastjórnar Djúpavogs til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

3. 202301159 - Útboð á hirðu úrgangs við heimili í Múlaþingi

Verkefnastjóri umhverfismála fylgir eftir minnisblaði um stöðu útboðs á hirðu úrgangs í Múlaþingi.

Málið er áfram í vinnslu og verður lagt fyrir ráðið að nýju.

Gestir

Stefán Aspar Stefánsson - 09:05

4. 202207041 - Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Stóruð og svæðið norðan Dyrfjalla

Á 107. fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs var verkefnastjóra umhverfismála falið að vinna drög að umsögn um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir



Dyrfjöll og Stóruð, auk aðgerðaráætlunar. Framlögð eru drög að athugasemdum við ofangreinda áætlun.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagðar athugasemdir og felur verkefnastjóra umhverfismála að koma þeim á framfæri.

Samþykkt samhljóða.

5. 202402223 - Endurskoðun stuðningskerfa í skógrækt og landgræðslu - Ósk um ábendingar og tillögur

Lagt er fram til kynningar erindi frá Landi og skógi þar sem óskað er eftir ábendingum og tillögum vegna fyrirhugaðrar vinnu við endurskoðun á stuðningskerfi í landgræðslu og skógrækt.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi erindi verði lagt fram til kynningar hjá heimastjórnnum Múlapings en vísar því að öðru leiti til umfjöllunar hjá byggðaráði.

Samþykkt samhljóða.

6. 202303039 - Vegagerðin, staða framkvæmda í Múlapingi

Svæðisstjóri og deildarstjóri tæknideildar Austursvæðis Vegagerðarinnar kynntu þær nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni sem fyrirhuguð eru á árinu.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Sveinn Sveinsson og Jón Valgeir Sveinsson - 10:13

7. 202207050 - Aðalskipulagsbreyting, Eiðar, frístundasvæði

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur skipulagstillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs fyrir frístundasvæði á Eiðum. Tillagan hefur verið uppfærð í samræmi við minnisblað og bókun ráðsins frá 108. fundi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá (ÁHB).

8. 202110146 - Aðalskipulagsbreyting, Djúpivogur, Ný vegtenging, athafna- og hafnarsvæði

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 fyrir nýtt athafna- og hafnarsvæði við Innri Gleðivík og nýja vegtengingu við Þjóðveg 1.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa því til sveitarstjórnar að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

9. 202106009 - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Hafnarsvæði

Í upphafi máls nr. 9 vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir liðum 9 og 10 sem framkvæmdastjóri Tækniminjasafns Austurlands og fól varaformanni (ÞB) stjórn fundarins. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu og bar ÞB upp tillögu til atkvæðagreiðslu. Vanhæfið var samþykkt samhljóða og vék formaður af fundi við umræðu og afgreiðslu beggja mála.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur vinnslutillaga fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýtt safnasvæði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

10. 202106146 - Deiliskipulag, Seyðisfjörður, Hafnarsvæði

Í upphafi máls nr. 9 vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir liðum 9 og 10 sem framkvæmdastjóri Tækniminjasafns Austurlands og fól varaformanni (ÞB) stjórn fundarins. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu og bar ÞB upp tillögu til atkvæðagreiðslu. Vanhæfið var samþykkt samhljóða og vék formaður af fundi við umræðu og afgreiðslu beggja mála.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur vinnslutillaga breytinga á gildandi deiliskipulagi Hafnasvæðis, Fjarðarhafnar, Pálshúsreits og Öldunnar. Megin markmið breytinganna er að auka athafnarými hafnarinnar með greiðu aðgengi að hafnarkanti og tryggja öruggt svæði fyrir uppbyggingu Tækniminjasafns Austurlands.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa því til heimastjórnar Seyðisfjarðar að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

11. 202103163 - Deiliskipulag, Hafrafell Merkjadalur

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar nýs deiliskipulags vegna frístundabyggðar fyrir 10 lóðir: Merkjadalur í landi Hafrafells 1. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem bárust við kynningu vinnslutillögu í fyrirbyggjandi gögnum. Jafnframt liggur fyrir ný umsögn Vegagerðarinnar og viðbrögð málsaðila við þeirri umsögn.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð fellst ekki á þá vegtengingu við Þjóðveg 1 sem tilgreind er í skipulagstillögunni, með tilliti til öryggissjónarmiða enda sé slysatíðni á þessum vegkafla þekkt. Ráðið leggur til að skoðað verði með tengingu frá Hafrafellsvegi.

Samþykkt samhljóða.

12. 202111070 - Aðalskiplag Vopnafjarðarhrepps 2040, heildarendurskoðun

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni við vinnslutillögu endurskoðunar á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2040, mál nr. 196/2024 í Skipulagsgátt. Umsagnarfrestur er til og með 3. apríl 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:40

